

Húnaþing vestra
Bogi Kristinsson Magnusen
Hvammstangabraut 5
530 Hvammstangi

Reykjavík, 11. janúar 2023
UST202212-246/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Hvítserkur – Húnaþing vestra

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Húnaþingi vestra er barst 29. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Hvítserk á Vatnsnesi.

Í greinargerð kemur fram að meginmarkmið deiliskipulagsins eru að kortleggja núverandi stöðu og ákvarða staðsetningu göngustíga, salerna og áningarstaða. Lögð verður áhersla á að umhverfisgæði svæðisins nýtist til útivistar og að fullt tillit verði tekið til ósnortinnar náttúru. Önnur markmið eru að standa vörð um merkar náttúru- og söguminjar, kortleggja og skilgreina gönguleiðakerfi og stuðla að betra aðgengi almennings og eflingu ferðaþjónustu.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn¹ dags. 8. mars 2019 varðandi fyrirhugaðar framkvæmdar á tröppum sem munu liggja frá palli niður í fjöru.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að sveitarfélagið stefni að friðlýsingu Hvítserks í samráði við landeigendur og Umhverfisstofnun og að unnið sé að deiliskipulagi fyrir svæðið.

Náttúruminjaskrá

Í greinargerð (bls. 6) segir að á náttúruminjaskrá séu svæði sem að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að friðlýsa skv. náttúruverndarlögum. Hér telur stofnunin að sveitarfélagið eigi við svokallaðan C-hluta náttúruminjaskrár, en samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 er C-hlutinn skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða.

Umhverfisstofnun hvetur sveitarfélagið að horfa til 33. gr. náttúruverndarlega hvað þetta varðar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

¹ https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Framkv%C3%A6mdir_-_tr%C3%B6ppur_-_Hv%C3%ADtserkur_%C3%AD_H%C3%BAna%C3%BEingi_vestra.pdf